Ed. **211. Frumvarp**

til laga um að leggja jörðina Bakka með Tröllakoti i Tjörneshreppi í Suður-Þingeyjarsýslu undir sveitarfjelag Húsavíkurhrepps.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Jörðin Bakki með Tröllakoti í Tjörneshreppi skal lögð undir sveitarfjelag Húsavíkurhrepps frá 1. júní 1922.

2. gr.

Á sama tíma skal Húsavíkurhreppur greiða Tjörneshreppi í eitt skifti fyrir öll sextán hundruð krónur og hafa lokið á tólf árum að gera akfæran veg að landamerkjum Bakka og Hjeðinshöfða.

3. gr.

Að öðru leyti eru skyldur og kvaðir, þar með talið þurfamannaframfæri, á þessum tveimur hreppum óbreyttar frá því, sem ákveðið er í stjórnarráðsbrjefi nr. 72, 4. júní 1912.